

Reykjavík 15. ágúst 2023

Skólastjórnendur verknámsskóla

Meistaradeild Samtaka iðnaðarins, MSI, er vettvangur allra meistarafélaga í mannvirkjagreinum innan SI og mynda formenn félaganna stjórn MSI. Tilgangur MSI er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum meistarafélaga í mannvirkjagreinunum.

Í „**Skýrslu starfshóps um innritun í starfsnám á haustönn 2022**“, kemur fram að þeim sem hafnað var um skólavist í starfsgreinum eru flestir eldri en 19 ára. Í húsasmíði og grunnnámi bygginga- og tæknigreina er hlutfall 30 ára og eldri 37%. Á sama tíma er mikil eftirspurn á vinnumarkaði eftir iðnmenntuðu starfsfólki. Að mati stjórnar MSI er hér um skýra skekkju að ræða sem nauðsynlegt er að bregðast við sem fyrst.

Á það hefur verið bent að við innritun í kvöldskóla sé algengasta reglan sú að „fyrstur kemur fyrstur fær“ sem hefur í raun þau áhrif að ekki er forgangsraðað í námið í þágu þeirra sem eru að reyna að ljúka námi til starfsréttinda eða eru nú þegar starfandi án réttinda í viðkomandi iðn og vilja öðlast viðeigandi réttindi. Þessa aðferðarfræði við úthlutun á skólavist þarf að mati stjórnar MSI að endurskoða.

Þar sem kvöldskólar eða dreifinám eru í boði hefur það verið aðgengilegasta skólaleiðin fyrir þá einstaklinga sem eru komnir með fjölskyldu og eru að reyna að ná sér í réttindi í faginu sem þeir eru starfandi við. Einstaklingar sem hafa farið í raunfærnimat þurfa jafnframt raunhæfar leiðir til að ljúka námi í samræmi við niðurstöður raunfærnimatsins. Breytt forgangsröðun gæti komið fjölmörgum einstaklingum hratt og örugglega út á vinnumarkaðinn með full réttindi.


Stjórn MSI sendir frá sér eftirfarandi ályktun og hvetur skólastjórnendur verknámsskólana til að taka ályktunina til efnislegrar meðferðar innan sinna skóla:

Meistaradeild Samtaka iðnaðarins skorar á skólastjórnendur verknámsskóla að veita þeim nemendum forgang í iðnnám, sér í lagi við innritun í kvöldskóla, sem hafa lokið hluta starfsnáms og/eða starfað í iðngrein, sækji þeir um að hefja eða ljúka námi í viðkomandi iðn. Það sama eigi við um þá aðila sem farið hafa í gegnum raunfærnimat og sækja um skólavist til að ljúka formlegu námi. Væri þessi aðgerð til þess fallin að fjölga iðnmenntuðu starfsfólki á vinnumarkaði og mæta brýnni þörf iðnfyrirtækja.

Bestu kveðjur



Jón Sigurðsson formaður MSI



Sævar Jónsson varaformaður MSI